

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun vegna frístundaaksturs barna

Lagt er til að borgarráð samþykki 5 mkr viðbótarfjárveitingu í ár til skóla- og frístundasviðs vegna aukins kostnaðar íþróttafélaga við frístundakstur fyrir yngstu nemendur grunnskólanna í samvinnu við íþróttafélögin í borginni, sbr. hjálagt minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Viðbótarfjárhæðin verður fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Tillagan felur ekki í sér breytingu á niðurstöðu rekstrar, efnahags eða sjóðsstreymi A-hluta eða samstæðu og þessi fjárráðstöfun kallar ekki á jafnréttismat.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um frístundaakstur dags. 4. október 2016.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 4. október 2016

SFS2016090251

2.9

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Frístundaakstur - R16050205

Skóla- og frístundasvið óskar eftir 5.0 millj. kr. viðbótarfjárveitingu í ár vegna aukins kostnaðar íþróttafélaga við frístundakstur fyrir yngstu nemendur grunnskólanna í samvinnu við íþróttafélögin í borginni.

Tilboð til félaganna í aksturinn hafa hækkað nokkuð frá síðasta tímabili og eftirspurn eftir akstrinum er meiri.

Ef ekkert verður að gert má gera ráð fyrir að einhver félög muni láta af akstrinum nú á haustdögum.

Þá er rétt að benda á að nauðsynlega þarf að taka heilstætt á þessu máli fyrir næstu fjárhagsáætlunargerð í samvinnu við ÍBR og ÍTR, sbr. eftirfarandi tillögu sem borgarráð samþykkti 23. júní 2016 að vísa til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017:

Borgarráð samþykkir að hækka styrki til hverfisíþróttafélaga vegna aksturs frístundastrætós í því skyni að stuðla að frekari samþættingu skóla-, frístunda- og íþróttastarfs. Miða skal við að slík þjónusta standi sem flestum börnum til boða og að framlög borgarinnar dugi fyrir útgjöldum íþróttafélaganna vegna þessarar starfsemi. Þá skal hefja viðræður við Ungmennafélagið Fjölni um að koma á fót frístundaakstri í Grafarvogi með svipuðu fyrirkomulagi og í öðrum hverfum.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs